

Dalvíkurbyggð
Börkur Þór Ottósson
Ráðhúsi Dalvíkur
620 Dalvík

Tilvísun RARIK: AG-ERI-000014
Tilvísun Dalvíkurbyggðar: 201905162 BÞO

Akureyri 22.01.2020

Efni: Umsögn vegna deiliskipulagsbreytingu á Hóla- og Túnahverfi á Dalvík Dalvíkurbyggð.

RARIK hefur mótttekið erindi yðar og hefur farið yfir tillögunina.

RARIK gerir eftirfarandi athugasemd við tillöguna

Almennt fellur hið nýja skipulag ágætlega að dreifikerfi RARIK á svæðinu þar sem hægt er að nota núverandi götugreiniskápa fyrir dreifingu rafmagns um hverfið. Þó getur þurft að styrkja kerfið á ákveðnum stöðum og væntir RARIK góðrar samvinnu við Dalvíkurbyggð um það. Til dæmis gæti þurft að setja upp götugreiniskápa við Hringtún 42-48 en áður var búið að leggja tvo heimtaugarstrengi miðað við fyrra skipulag. Einnig kann að þurfa að færa stöku götuljósastaura og er gert ráð fyrir að það verði gert á kostnað þess sem óskar eftir breytingunni.

Varðandi stækkun lóðar fyrir Skógarhóla 11 og breyting hennar í raðhúsalóð þá getur RARIK ekki sætt sig við þá breytingu eins og hún lítur út nú. RARIK rekur götugreiniskáp við Skógarhóla 23 þar sem dreift er inn í Skógarhóla 23 a-d auk þess sem stofnstrengur og götuljósastrengur eru við núverandi göngustíg sem fella á niður. Strengirnir myndu falla innan lóðar og þó hægt væri að færa þá að lóðarmörkum hefur sú leið ekki fallið reynst vel og hefur RARIK forðast það eftir fremsta megni í seinni tíð. Verði farið í slíka breytingu er gerir RARIK ráð fyrir að aðgengi að strengjunum verði tryggt og að breytingin verði á kostnað þess sem óskar eftir breytingunni.

Með kveðju,




Steingrímur Jónsson
Deildarstjóri Rekstrarsviðs RARIK Norðurlandi
Óseyri 9, 603, Akureyri